

Reykjavík, 27. apríl 2005,

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Vegna þingmáls 643, frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf.

Almennar athugasemdir Frjálshyggjufélagsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið

Frjálshyggjufélagið telur að í frumvarpinu felist afturför frá núverandi ástandi. Þótt núverandi afnotagjöld Ríkisútvarpsins séu slæm, er skattlagning til fjármögnunar á því enn verri. Frjálshyggjufélagið mótmælir þeim fyrirætlunum að fjármagna Ríkisútvarpið með skattfé í stað afnotagjalda. Slíkt væri skref aftur á bak. Þótt skylduáskrift sé að Ríkisútvarpi og -sjónvarpi, má a. m. k. líta svo á fyrirtækið sé með sínar eigin tekjur. Afnotagjöld eru jafnframt nærri því að vera lögð á notendur þjónustunnar, en skattar. Eðlilegra er að notendur þjónustunnar greiði kostnaðinn en aðrir. Erfitt er að sjá framfarimar við að auk eigenda viðtækja, eigi aðrir, meira að segja blindir og heymarlausir, að borga skatt til Ríkisútvarpsins.

Réttara er að gera fyrirkomulagið frjálssara með því að afnema skylduáskriftina. Þannig væri hægt að reka Ríkisútvarpið á jafnréttisgrundvelli við aðra fjölmiðla, þannig að það þyrfti að fá tekjur á sama hátt og þeir.

Það kann að vera freistandi fyrir stjórnámálamenn að fela kostnað við rekstur Ríkisútvarpsins, þannig að fólk þurfi ekki að taka eftir honum. Slíkt skref mun aftur á móti gera alla eðlilega þróun fyrirtækisins erfiðari. Erfitt verður að átta sig á hvort fyrirtækið er í raun og veru rekið með hagnaði eða tapi. Erfitt verður að leggja mat á hvort fyrirtækið er að veita fólki næga þjónustu fyrir peningana sem það fær.

Frjálshyggjufélagið er á þeirri skoðun að gera verði það að markmiði að selja Ríkisútvarpið, svo bæta megi rekstur þess og þjónustu. Erfitt er að selja ósjálfstætt fyrirtæki sem ekki hefur neinar tekjur.

Sömu lögmál gilda um rekstur fjölmiðla og annarra fyrirtækja. Að jafnaði skilar einkarekstur betri nýtingu vinnuafis og fjármagns, þannig að meiri og betri þjónusta sé veitt fyrir sömu upphæðir og áður. Það gildir t.d. um meint menningar- og

öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Sú meinloka er t.a.m. ótrúleg að mati Frjálshyggjufélagsins, að ríkinu sé betur treystandi fyrir því að skapa og útvarpa menningarefni en öðrum. Menning er það sem fólk kys að gera, ekki það sem það er neytt til að gera. Réttara væri að tala um ómenningarhlutverk Ríkisútvarpsins. Á sama hátt, af reynslunni að dæma, mætti tala um öryggisleysishlutverk Ríkisútvarpsins, samanber frammistöðu stofnunarinnar þegar mikill jarðskjálfti reið yfir Suðurland 17. júní árið 2000. Auðvitað er einkareknum fjölmiðlum treystandi fyrir að fjalla um náttúruhamfarir, þar sem þær þykja venjulega til allnokkurra tíðinda.

Bent skal á að samkvæmt frumvarpinu eigi lögaðilar að greiða nýjan skatt. Ekki verður eingöngu um að ræða notendur þjónustu Ríkisútvarpsins sem greiða skattinn. Á meðal umræddra lögaðila eru smáfyrirtæki, sem sum hver hafa afar lítinn rekstur. Sumir einstaklingar eiga jafnvel nokkur slík fyrirtæki, með afar takmörkuð umsvif. Á þá einstaklinga eru lagðar þungar byrðar. Einnig má benda á, að það sætir furðu að stórfyrirtæki með milljarðaeignir og þúsundir starfsmanna skuli borga sama skatt og smáfyrirtæki. Samkeppnisstaða smáfyrirtækja er nógu erfið gagnvart stórfyrirtækjum nú þegar vegna regluverks og skrifræðis hins opinbera, sem hlutfallslega leggst mun þyngra á smáfyrirtæki.


Jafnframt er mótmælt að með frumvarpinu séu Ríkisútvarpinu veittar viðtækar heimildir til starfsemi. Er þannig verið að opna fyrir viðtækari ríkisrekstur en nú er. Hætt er við að þetta komi harkalega niður á einkaaðilum og skattgreiðendum.


Frjálshyggjufélagið leggur til að frumvarpið í heild sinni verði dregið til baka eða fellt og vill því ekki gera athugasemdir við einstakar greinar þess.

Félagið leggur til að eftirfarandi skref verði tekin í stað þeirra sem lögð eru til með frumvarpinu:

1. Skylduáskrift verði afnumin og Ríkisútvarpið keppi á jafnréttisgrundvelli við aðra fjölmiðla, bæði á auglýsinga- og áskriftamarkaði
2. Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag
3. Ríkisútvarpið verði selt hæstbjóðanda með gagnsæjum hætti

Virðingarfyllst,


Gunnlaugur Jónsson,
formaður Frjálshyggjufélagsins


Friðbjörn Orri Ketilsson,
framkvæmdastjóri Frjálshyggjufélagsins